

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. apríl 2021

Efni: Úthlutun tollkvóta fyrir búvörur frá ríkjum Evrópusambandsins

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til auglýsingar um tollkvóta vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá ríkjum Evrópusambandsins, sem birtist á vef ráðuneytisins 31. marz síðastliðinn. FA vísar ennfremur til erindis síns til ráðuneytisins 22. desember sl., þar sem bent var á ýmislegt sem betur mætti fara í stjórnslu ráðuneytisins vegna úthlutunar tollkvóta fyrir búvörur.

I. Vinnubrögð við auglýsingu og úthlutun

Í fyrsta lagi hefur ráðuneytið stýtt það tímabil, sem tollkvóta er úthlutað fyrir í hvert sinn. Í stað sex mánaða var tollkvóti fyrst auglýstur fyrir fjögurra mánaða tímabil (janúar til apríl) og nú fyrir fjóra og hálfan mánuð (1. maí til 15. september nk.). Líkt og félagið hefur bent á í fyrri erindum til ráðuneytisins eykur stuttur gildistími á fyrirhöfn, kostnað og óvissu í rekstri matvælainnflytjenda. Nauðsynlegt er að ráðuneytið bregðist við því með skilvirkari vinnubrögðum.

Í öðru lagi er nú, rétt eins og við fyrstu úthlutun ársins, birt auglýsing rétt fyrir stórhátíð. Það dregur mjög úr raunverulegu svigrúmi innflytjenda til að vinna umsóknir um tollkvóta, þótt samkvæmt orðanna hljóðan sé gefinn 15 daga frestur, til 14. apríl næstkomandi.

Í þriðja lagi liggur fyrir að tollkvóta fyrir fyrsta úthlutunartímabilið á árinu, þ.e. 1. janúar til 30. apríl, var ekki úthlutað fyrr en hartnær mánuður var liðinn af tímabilinu. Eftir endurskoðun fyrstu auglýsingar ráðuneytisins var gefinn frestur til að óska eftir magni til 6. janúar. Eins og við var að búast var margföld eftirspurn eftir tollkvótanum og hann því boðinn út. Gefinn var frestur til að skila inn tilboðum til 14. janúar en kvótanum ekki úthlutað fyrr en 26. janúar. Miðað við sama hraða á meðferð þessarar annarrar kvótaúthlutunar ársins verður kvóta tæplega úthlutað fyrr en kvótatímabilið er hafið, eða þá fáeinum dögum áður en nýir tollkvótar taka gildi.

Í ljósi þess að enginn á vísa kvótaúthlutun í útboði, bíða innflytjendur alla jafna með að panta vörur þar til niðurstöður úthlutunar liggja fyrir. Samkvæmt upplýsingum sem FA hefur aflað sér hjá innflytjendum má ætla að 3-6 vikna bið sé frá pöntun og þar til vara er komin á lager. Á fjögurra mánaða úthlutunartímabili geta því 20-40% úthlutunartímans farið forgörðum, með tilheyrandi vandkvæðum og kostnaði fyrir innflytjandann, auk þess sem líkur aukast verulega á að ekki náist að flytja inn allan þann kvóta sem viðkomandi fyrirtæki hefur fengið úthlutað, með tilheyrandi tjóni. Í fyrstu úthlutun ársins þýddi hátt í mánaðarseinkun að 40-60% af tímabilinu voru liðin þegar fyrirtækin voru komin með vörur á lager, sem pantaðar voru inn á tollkvóta.

Öllum má ljóst vera að erfitt er að stunda viðskipti á þessum forsendum. FA benti í fyrra erindi sínu til ráðuneytisins á að í þessum vinnubrögðum fælist að stjórnvöld hefðu vísivítandi gripið til aðgerða til að torvelða starfsemi innflytjenda matvöru, á sama tíma og flestar aðrar aðgerðir stjórnvalda

gagnvart atvinnulífinu miðuðu að því að auðvelda rekstur fyrirtækja við fordæmalausar aðstæður í heimsfaraldri kórónuveirunnar.

Félagið bendir ennfremur á að ofangreind vinnubrögð fara í bága við tvíhliða samning Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með búvörur, sem undirritaður var í september 2015. Í 10. grein samningsins segir: „*Samningsaðilarnir eru sammála því að tryggja að ávinningnum, sem þeir veita hvor öðrum, verði ekki stefnt í hættu með öðrum takmarkandi innflutningsráðstöfunum.*“ Þau vinnubrögð sem að framan er lýst eru augljósar takmarkanir í vegi innflutnings búvöru og brjóta því gegn samningnum.

FA fer fram á að ráðuneytið endurskoði verklag sitt við auglýsingu og úthlutun tollkvóta þannig að ferlið fari fram með mun betri fyrirvara og úthlutun kvóta liggja fyrir ekki síðar en þremur vikum fyrir upphaf úthlutunartímabils. Þannig má stuðla að því að starfsumhverfi innflutnings búvöru sé stöðugra og fyrirsjáanlegra.

FA fer enn fremur fram á það, í ljósi ofanritaðs, að ráðuneytið veiti á ný a.m.k. eins mánaðar framlengingu á nýtingu kvóta sem úthlutað er vegna annars úthlutunartímabils ársins.

II. Ólögmeitt fyrirkomulag gjaldtöku

FA vísar jafnframt til dóms Landsréttar frá 19. marz sl. í máli Ásbjörns Ólafssonar ehf. gegn íslenska ríkinu. Einróma og afdráttarlaus niðurstaða dómsins er að það fyrirkomulag, sem var viðhaft við útboð á tollkvóta fyrir búvörur á árinu 2018, sé ólögmeitt og gangi gegn stjórnarskrá Íslands. „*Álagning gjalda þeirra sem málið varðar studdist samkvæmt þessu ekki við lögmæta skattlagningarheimild og var því ógild,*“ segir í dómi Landsréttar.

Dómar Landsréttar eru endanlegir með þeirri einu undantekningu að sækja má um áfrýjun þeirra til Hæstaréttar. Sé slík beiðni samþykkt er málið tekið fyrir í Hæstarétti en þar til að nýr dómur er kveðinn upp heldur dómur Landsréttar gildi sínu og bindur, í þessu tilfalli, stjórnvöld. Athafnir ráðherra í andstöðu við dóm Landsréttar eru því ekki bara brot gegn grunnreglum réttarríkisins og reglum um þrískiptingu ríkisvalds heldur felst í þeim brot á lögum um ráðherraábyrgð sbr. t.d. a- og c-lið 8. gr. þeirra laga.¹

Umrætt fyrirkomulag, sem Landsréttur telur afdráttarlaust að brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar, var að frumkvæði ráðherra tekið upp á nýjan leik um síðustu áramót með breytingu á búvörulögum. Í ljósi niðurstöðu Landsréttar er að mati FA óhugsandi að gjaldtaka vegna tollkvótanna geti farið fram að óbreyttu en liggur fyrir fortakslaus dómur áfrýjunardómstóls um ólögmeiti hennar. FA telur að ráðherra verði að hafa atbeina að því að Alþingi breyti búvörulögum á

¹ Lög um ráðherraábyrgð, 8. gr.

Í samræmi við ákvæðin hér á undan, varðar það ráðherra ábyrgð eftir lögum þessum:

a. ef hann sjálfur gefur út fyrirmæli eða veitir atbeina sinn til, að út séu gefin fyrirmæli forseta um málefni, sem eftir stjórnarskránni verður aðeins skipað með lögum eða heyrir undir dómstóla;

b. ef hann leitar eigi samþykkis Alþingis, þegar skylt er samkvæmt stjórnarskránni;

c. ef hann annars framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað eða veldur því, að framkvæmd þess farist fyrir;

d. ef hann verður þess valdandi, að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins.

nýjan leik eða úthluti tollkvótunum án gjalda. Ella er um að ræða skýrt ásetningsbrot ráðherra gegn stjórnarskrá lýðveldisins.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Afrit: Lucie Samcová, sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi
Kjartan Bjarni Björgvinsson, settur umboðsmaður Alþingis